



Reykjavík, 4. maí 2026

SFS25050015

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni: Umsögn um tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að koma betur til móts við hagsmuni barna foreldra sem fá fjárhagsaðstoð

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. ágúst 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að skóla- og frístundasvið taki til skoðunar hvernig koma megi betur til móts við hagsmuni barna og ungmenna sem eiga foreldra er reisa lífsviðurværi sitt á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Í þessu felst að sviðið taki málið til þverfaglegrar skoðunar, svo sem í samstarfi við önnur svið borgarinnar, t.d. velferðarsvið og menningar- og íþróttasvið. Markmið vinnunnar væri að fjölga tækifærum barna sem eiga tekjulága foreldra og háðir eru fjárhagsaðstoð borgarinnar.*

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

### Umsögn:

Á árinu 2025 fengu 3.048<sup>1</sup> einstaklingar fjárhagsaðstoð hjá velferðarsviði, þar af voru 603 einstaklingar (20%) sem voru með börn á framfæri. Þar á meðal voru 314 einhleypar mæður, 258 einstaklingar í hjónabandi/sambúð og 31 einhleypir feður.

Í töflu 1 má sjá fjölda barna á framfæri einstaklinga á fjárhagsaðstoð eftir uppruna. Vakin er sérstök athygli á því að fjölskyldur af erlendum uppruna eru að meðaltali stærrri heldur en fjölskyldur af íslenskum uppruna. Heildarfjöldi barna var 1.142, þar af voru 809 af erlendum uppruna. Barnafjölskyldur eiga kost á að sækja um fjárhagsaðstoð til að mæta ýmiss konar útgjöldum sem tengjast börnum.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Athugið að hér er búið að taka út kennitölur sem fá eingöngu heimildagreiðslur Barnaverndar.

<sup>2</sup> Hægt er að lesa betur um það í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð og vitnað er sérstaklega í 16. gr. a.), 16. gr. b), 27 gr. b). Einnig er greitt til viðbótar við grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris (sjá í 10. gr.). <https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-01/reglur-um-fjarhagsadstod-fra-reykjavikurborg-januar-2026.pdf>



Reykjavík



Tafla 1: Fjöldi barna á framfæri einstaklinga á fjárhagsaðstoð. Skipting eftir uppruna.

Fjöldi barna	Erlendur bakgrunnur	Íslenskt ríkisfang
1	189 (48%)	115 (56%)
2	92 (23%)	68 (33%)
3	57 (14%)	16 (8%)
4	37 (9%)	6 (3%)
5+	21 (5%)	2 (1%)
<b>Samtals</b>	<b>396</b>	<b>207</b>

Í töflu 2 má sjá atvinnustöðu einstaklinga á fjárhagsaðstoð sem hafa börn á framfæri. Flestir eru atvinnulausir (48%) og fæstir eru á vinnumarkaði (13%). Meginforði þeirra tekna sem einstaklingar í þessum hópi fá er í formi fjárhagsaðstoðar.

Tafla 2: Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð með börn á framfæri. Skipting eftir hjúskaparstöðu og atvinnustöðu.<sup>3</sup>

	Einhleyp móðir	Einhleypur faðir	Hjón/sambýlisfólk með börn	Samtals
<b>Atvinnulaus</b>	120 (20%)	16 (3%)	153 (25%)	<b>289 (48%)</b>
<b>Annað</b>	53 (9%)	3 (0%)	30 (5%)	<b>86 (14%)</b>
<b>Á vinnumarkaði</b>	29 (5%)	5 (1%)	43 (7%)	<b>77 (13%)</b>
<b>Óvinnufær</b>	112 (19%)	7 (1%)	32 (5%)	<b>151 (25%)</b>
<b>Samtals</b>	<b>314 (52%)</b>	<b>31 (5%)</b>	<b>258 (43%)</b>	<b>603 (100%)</b>

Einstaklingar með börn á framfæri fengu að meðaltali 30.000 kr. meira á mánuði í fjárhagsaðstoð heldur en einstaklingar án barna. Þar af voru greiddar tæplega 52 m. kr. vegna 16. gr. og 27. gr. b) reglna um fjárhagsaðstoð til umræddra einstaklinga. Einnig er vakin athygli á því að meðalfjárhæð fer hækkandi með fjölda barna. Meðaltal fjárhagsaðstoðar sem fer til einstaklinga með eitt barn á framfæri eru 228 þús. kr. á meðan að meðaltal fjárhagsaðstoðar sem fer til einstaklinga með fjögur börn á framfæri er 265.283 kr. Barnafjölskyldur sem fá fjárhagsaðstoð eru oft á tíðum einnig með sérstakan húsnæðisstuðning og fjölskyldur af erlendum uppruna fá túlkunarþjónustu hjá velferðarsviði. Sumir eru í virkniúrræðum, þá bæði börn (16-18 ára hjá Fjölsmiðjunni) og fullorðnir með starfsþjálfunarsamninga.

Bent er á að hægt er að mæta þörfum hópsins með því að niðurgreiða tómsunda- og íþróttastarf í auknum mæli. Einnig er hægt að skoða niðurgreiðslu á frístund.

<sup>3</sup> Í flokknum **atvinnulausir** eru atvinnulausir með og án bótaréttis, í flokknum **á vinnumarkaði** eru einstaklingar í annaðhvort fullu starfi eða hlutastarfi og í flokknum **annað** eru nemar, öryrkjar, og einstaklingar í fæðingarorlofi, í einhverjum tilfellum vantar upplýsingar um atvinnustöðu. Athugið að það getur verið ákveðin skekkja þar sem atvinnustaðan er tekin í lok árs.

